

Félag Fjallaleiðsögumanna á Íslandi

Grunnþjálfun í Skíðaleiðsögn

Yfirlit

Grunnþjálfun í skíðaleiðsögn tekur sex daga og fer fram í fjölbreyttu fjallalandslagi. Markmið námskeiðs er að gera einstakling færnan um að stýra hóp á skíðum upp og niður í klassísku fjallaskíðalandslagi. Geta skipulagt ferðir m.t.t. stærð og getu hóps sem og auka færni í rötun í krefjandi aðstæðum. Áhersla er lögð á áhættumat og áhættustýringu og hvernig er hægt að nýta sér landslag til þess að ferðast örugglega í fjalllendi á skíðum.

Forkröfur

- Hafa lokið Jökla 1 með jákvæðri umsögn
- Hafa lokið skíðafærni mátti með jákvæðri umsögn
- Hafa lokið mátti í félagabjörgun úr snjóflóði með jákvæðri umsögn
- Hafa lokið grunnþjálfun í snjóflóðum hjá Björgunarskólanum, CAA eða sambærilegu námskeiði frá einkaaðilum (32 klst)
- Hafa lokið grunnþjálfun í skyndihjálpi (24 klst)
- Geta skíðað af öryggi í öllum snjóalögum í krefjandi aðstæðum
- Að lágmarki 3ja ára reynsla af fjallaskíðun frá mismunandi landshlutum og/eða löndum
- 40 fjallaskíðaferðir á eigin vegum
 - Þar af 6 í jöklalandslagi
 - Þar af 10 á fjöllum yfir 900m
 - Þar af 2 ferðir yfir vetrartímann (desember til enda febrúar)
 - Þar af 2 lengri ferðir þar sem gíst er í skála eða tjaldi

Færni mátti

Geta nemenda í helstu áhersluatriðum skv. námsskrá félagsins er metin á meðan námskeiðinu stendur. Nemendur eru m.a. metnir í skíðafærni, leiðarvali, staðar- og veðurþekkingu, hópstjórn, áhættumátti og áhættustýringu, mátti á snjóflóðahættu, ýlaleit og björgun ásamt öðrum þáttum skíðaleiðsagnar.

Uppbyggilegar og raunhæfar ábendingar eru gefnar af leiðbeinendum við enda hvers námskeiðs og eftir hvern dag sé þess þörf. Ætlast til þess að nemendur geti með sannfærandi hætti sýnt fram á góða þekkingu við skipulagningu, framkvæmd ferða og lokið námskeiðinu með jákvæðri umsögn.

Réttindi

Grunnþjálfunin veitir ekki réttindi til að starfa sem skíðaleiðsögumaður undir merkjum AIMG.

Desember 2023